

## Fundargerð

**Stjórnarfundur nr. 104**

**25. júní 2020**

*Stjórn Menntaskóla Borgarfjarðar kom saman til fundar í húsnæði skólans fimmtudaginn 25. júní 2020 kl. 16:00. Mættir: Inga Dóra Halldórsdóttir, Flosi Sigurðsson, Helena Guttormsdóttir, Helgi Haukur Hauksson, Hrefna B. Jónsdóttir, Sigursteinn Sigurðsson og Bragi Þór Svavarsson skólameistari.*

*Fundargerð ritaði Sigursteinn Sigurðsson*

### Dagskrá:

#### 1. Fundargerð síðasta fundar borin undir fundarmenn

Fundargerð 103. fundar samþykkt.

#### 2. Netráðstefnan „Menntun fyrir störf framtíðar“

Bárður Örn Gunnarsson hjá Svartatindi var gestur fundarins og fór yfir niðurstöður ráðstefnunnar. Umræður um niðurstöður og næstu skref fóru fram í kjölfarið. Rætt um að halda fleiri ráðstefnur á komandi skólaári.

#### 3. Innritun haust 2020

Skólameistari fór yfir fjölda nemenda sem innrituðu sig á haustönn í MB. Rætt um nemendapróun og frá hvaða svæðum nemendur eru að koma. Rætt um aðsókn í heimavist.

#### 4. Nemendagarðar

Upplýst að búið er að undirrita samning við SSV og Borgarbyggð er varðar þarfagreiningu á nemendagörðum MB. Stefnt er að því að þarfagreining verði tilbúin 25. ágúst. Stefnt að kynningu á þarfagreiningunni á næsta stjórnarfundum.

#### 5. Önnur mál

1. Formaður stjórnar ber undir stjórn erindi sem barst frá Jónínu Ernu Arnardóttur og Ásdísi Helgu Bjarnadóttur varðandi kaup á flygli í sal Hjálmakletts. Óskað er eftir styrk frá MB uppá 500.000 til að kaupa flygil í salinn, en eftirstöðvar eru fjármagnaðar. Lagt fyrir stjórn MB að styrkja kaupin um 500.000 krónur og var það samþykkt.

Fleira var ekki gert og er fundi slitið kl. 18:00.